# 27. háskólaþing Háskóla Íslands

## haldið með rafrænum hætti 25. maí 2021

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| Kl. 10.00-10.05 | Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum. |
| Kl. 10.05-10.15 | Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands. |
| Kl. 10.15-11.05 | Dagskrárliður 2. Ný heildarstefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026<br>a) Áherslur nýrrar stefnu. Jón Atli Benediktsson, rektor (10 mín.)<br>b) Innleiðing stefnunnar. Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar og formaður stýrihóps stefnumótunar (15 mín.)<br>c) Umræður og afgreiðsla (25 mín.) |
| Kl. 11.05-11.30 | Dagskrárliður 3: Aurora samstarfið.<br>a) Aurora samstarfið – staða mála og næstu skref. Friðrika Harðardóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs, Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, og Harpa Sif Arnarsdóttir, verkefnisstjóri (10 mín.)<br>b) Umræður (15 mnín.) |
| Kl. 11.30 | Rektor slítur háskólaþingi |

### Kl. 10.00-10.05
### Setning háskólaþings

Rektor setti háskólaþing Háskóla Íslands og bauð þingfulltrúa velkomna til starfa. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og var þetta 27. háskólaþing Háskóla Íslands. Sérstaklega bauð rektor velkomna nýja þingfulltrúa, fulltrúa samstarfsstofnana Háskóla Íslands, þau Guðrúnu Nordal, forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur, landsbókavörð, fulltrúa Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns, Margréti Hallgrímsdóttur, þjóðminjavörð, fulltrúa Þjóðminjasafns Íslands og Sigurð Ingvarsson, forstöðumann Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem og Isabel Alejandra Díaz, forseta Stúdentaráðs.

Fundargerð síðasta háskólaþings var send fulltrúum fyrir þingið og bárust engar athugasemdir við hana. Þá gerði rektor grein fyrir tímaáætlun og gögnum þingsins og fól Magnúsi Diðriki Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.
Loks fór rektor yfir útsend gögn fyrir þingið.

Háskólaþingið var haldið með rafrænum hætti sökum COVID-19 veirufaraldursins.

**Kl. 10.05-10.15**
**Dagskrárliður 1**
**Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands**




































**Kl. 10.15-11.05**
**Dagskrárliður 2**
**Ný heildarstefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026**

Rektor gerði grein fyrir helstu áherslum nýrrar stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 og Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar og formaður stýrihóps stefnumótunar skýrði frá fyrirhugaðri innleiðingu stefnunnar.













HÁSKÓLI ÍSLANDS
GÓÐUR VINNUSTAÐUR
Til þess að framtíðarsýn Háskóla Íslands nái fram að ganga þarf traustan grunn. Starfsfólk og stúdentar mynda framsækið og lifandi þekkingarsamfélag sem byggir á virðingu og jafnrétti. Skólinn skapar hvetjandi starfsumhverfi með traustum rannsóknarinnviðum, stuðningi og aðstöðu sem styður við upplýsingtækni-væðingu kennslu, tekur fjölbreyttum hópi nýs starfsfólks og nemenda fagnandi og tryggir þannig að allir fái notið sín til fullnustu. Uppbygging háskóla-svæðisins stuðlar að jöfnu aðgengi og samheldnu og sjálfbæru háskólasamfélagi. Með þeim hætti er skólinn aðlaðandi og samkeppnisfær um framúrskarandi starfsfólk og nemendur.
MARKMIÐ
• MANNAUÐUR OG STARFSGLEÐI
• INNVIÐIR RANNSÓKNA OG KENNSLU
• FARSÆLT HÁSKÓLASVÆÐI
• FJÁRMÁL OG REKSTUR


HÁSKÓLI ÍSLANDS
Markmiðin vísa veginn í þróun starfsins
OPIN OG ALÞJÓÐLEG
SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI
AFL Á GRUNNI GÆÐA
GÓÐUR VINNUSTAÐUR
Mikilvægt að starfsfólk og stjórnendur sammælist um markmiðin og móti starfið í takt við þau
Markmiðin á að nota við forgangröðun verkefna og fjármuna


HÁSKÓLI ÍSLANDS
HÍ26
OPIN OG ALÞJÓÐLEG
SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI
AFL Á GRUNNI GÆÐA
GÓÐUR VINNUSTAÐUR


HÁSKÓLI ÍSLANDS
Samráðskönnun um stefnudrög
Netkönnun var lögð fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans í mars og apríl sl.
Könnuð afstaða til lykilþátta stefnunnar – framtíðarsýnar, leiðarljósa, áherslna og markmiða. Einnig var boðið upp á skriflegar athugasemdir
Alls svaraði 331 könnuninni og yfir 100 svarendanna sendu einnig inn athugasemdir


HÁSKÓLI ÍSLANDS
Áherslur HÍ26
Svarendur eru í miklum meirihluta ánægðir með áherslur stefnunnar (83-90%)
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þær fjórar stefnuáherslur sem settar eru fram í stefnunni – Opin og alþjóðleg, Sjálfbærni og fjölbreytileiki, Afl á grunni gæða og Góður vinnustaður?
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
58%
31%
8%
2%
1%
57%
26%
11%
4%
2%
53%
32%
9%
4%
2%
65%
26%
7%
1%
2%
Opin og alþjóðleg
Sjálfbærni og fjölbreytileiki
Afl á grunni gæða
Góður vinnustaður
Mjög ánægð(ur)
Frekar ánægð(ur)
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
Frekar óánægð(ur)
Mjög óánægð(ur)


HÁSKÓLI ÍSLANDS
Stefnudrögin í heild
• Niðurstöðurnar gáfu til kynna að svarendur væru almennt sáttir við drögin og kölluðu ekki á róttækar breytingar á framtíðarsýn, leiðarljósum, áherslum né markmiðum
• Aukin áhersla var lögð á verkefnastofna sem tengjast þeim markmiðum sem var í mestum mæli forgangsraðað, þ.e. á kennslu, vísindi og mannauð
• Öll opin svör voru rýnd og athugað hvort þar væri hægt að nýta tillögur til úrbóta
Hlutfall mjög eða frekar ánægðra
Framtíðarsýnin Betri háskóli - Betra samfélag 79%
Leiðarljósið Snerpa 69%
Leiðarljósið Gæði 88%
Leiðarljósið Traust 85%
Áherslan Opin og alþjóðleg 89%
Áherslan Sjálfbærni og fjölbreytileiki 83%
Áherslan Afl á grunni gæða 85%
Áherslan Góður vinnustaður 90%
Drögin að stefnunni í heild 81%
0%
20%
40%
60%
80%
100%


HÁSKÓLI ÍSLANDS
HÍ26 er í þágu samfélagsins
Í nýrri stefnu sækir skólinn fram á öllum sviðum í þágu samfélagsins. Markmið verða innleidd í því augnamiði að skólinn
• Búi fjölbreyttan hóp nemenda undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, síbreytilegu atvinnulífi eða námi um heim allan
• Sé samkeppnishæfur um starfsfólk og nemendur, í þéttu alþjóðlegu samstarfi og njóti trausts í alþjóðasamfélagi háskóla
• Tryggi að nám, rannsóknir, nýsköpun og starfið allt leggi til lausna á samfélagsáskorunum og í átt að sjálfbærum heimi
• Auki traust á vísindum og notkun gagna og sérfræðiþekkingar við ákvarðanatöku og mótun íslensks samfélags
Í stefnunni verður sérstaklega fjallað um með hvaða hætti hún tekur til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun


HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKEFNASTOFNAR OG INNLEIÐING













Að framsögu lokinni gaf rektor orðið laust.

Deildarforseti Deildar menntunar og margbreytileika ræddi starf stefnufulltrúa og spurði um hversu hátt starfshlutfall verði að ræða og þeir verði valdir úr röðum akademískra starfsmanna?

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar svaraði því til að starf stefnufulltrúa væri ekki fullmótað en það yrði gert í tengslum við innleiðingaráætlun. Mikilvægt væri að til starfans yrðu valdir starfsmenn sem njóta góðs trausts á sviðinu og þekkja vel til starfseminnar. Ekki hefði verið tekin ákvörðun um starfshlutfall, en það gæti mögulega orðið heilt stöðugildi.

Formaður jafnréttisnefndar spurði hvers vegna jafnréttismál væru ekki jafn sýnileg í nýju stefnunni eins og þeirri fyrri, ekki síst hvað snertir kynferðislegt ofbeldi.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar sagði að þetta hefði verið áherslumál í síðustu stefnu og væri í fullu gildi í metnaðarfullri jafnréttisáætlun skólans. Ekki væri hægt að endurtaka allar áherslur síðustu stefnu, auk þess sem stefnutextinn væri ekki kominn fram að fullu og muni jafnréttisáhersla væntanlega verða sýnilegri í endanlegu skjali. Óumdeilt væri að „zero tolerance“ stefna gilti við Háskóla Íslands.

Fulltrúi í háskólaráði þakkaði stýrihópnum fyrir frábæra vinnu og óskaði Háskóla Íslands til hamingju með nýju stefnuna.

Fulltrúi stúdenta og forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tóku undir með Ásthildi.

Fulltrúi kjörinn af starfsfólki við stjórnsýslu spurði hvað átt væri við með „áhættumati starfa“ í stefnutextanum.

Sviðsstjóri starfsmannasviðs sagði að samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 bæri atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem byggir á áhættumati. Markmiðið er að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnu. Á vettvangi Háskóla Íslands yrði hugað sérstaklega að sálfélagslegu áhættumati sem snýr að þáttum á borð við líðan, streitu og samskipti, en jafnframt verði framkvæmt áhættumat sem snýr að búnaði, húsnæði, efnum og slíku.

Fulltrúi kjörinn af Menntavísindasviði spurði hvort leggja mætti aukna áherslu á heilsutengd mál og velferðarmál í stefnunni, ekki síst meðal starfsfólks. Eins og stefnutextinn lægi fyrir snerust markmiðin að miklu leyti um virkni starfsfólks sem vinnuafls.

Sviðsstjóri starfsmannasviðs sagði að verið væri að horfa sérstaklega á starfsumhverfið, þ.e. í fyrsta lagi hvað Háskólinn geti gert (stjórnunarþáttur) og í öðru lagi á þætti í starfsumhverfinu sem væri m.a. mældir í starfsumhverfiskönnun.

Fulltrúi í stýrihópi stefnumótunar sagði að öll 16 markmið stefnunnar muni koma til með að móta starfið, einnig í deildunum. Mikilvægt væri að deildirnar spyrðu sig að því hvaða markmið þær vilja taka til sín og vinna með.

Deildarforseti Deildar menntunar og margbreytileika sagði það vera gott að sjá hvað mikil áhersla væri lögð á gott og ánægjulegt starfsumhverfi um leið og fyrir liggur að streita er mikil. Það væri staðreynd að hvort tveggja er satt. Þá ræddi deildarforsetinn áhersluna á „snerpu“ í nýju stefnunni og sagði að þótt starfsfólk þyrfti vissulega að vera viðbragðsfljótt mætti ætla að verið væri að gera kröfu um enn hraðari vinnu sem gæti valdið auknu vinnuálagi.

Kjörinn fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs tók undir með síðasta ræðumanni og sagði að stefnan væri svo metnaðarfull að ætla mætti að hún gæti leitt til aukins álags.

Kjörinn fulltrúi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs spurði hvort til standi að uppfæra stefnu Háskóla Íslands um gæði náms og kennslu sem gerð var í kjölfar síðustu stefnu.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar sagði að fyrsti liðurinn undir „Mannauður, vinnustaðamenning og þróun stjórnunar“ vísaði veginn um hvar mesti vandinn væri og hvar þyrfti að stíga ákveðið inn. Varðandi „snerpu“ sagði hún að þetta hugtak hefði verið mikið rætt í stefnuhópnum. Mikilvægt væri að innleysa þetta án þess að það valdi sífellt meiri vinnu og streitu. Í því sambandi þyrfum við m.a. að velta því fyrir okkur hverju við getum hætt og hvernig við getum breytt vinnulagi. Einnig væri mikilvægt að nýta upplýsingatækni markvisst til að létta okkur störfin.

Forseti Félagsvísindasviðs tók undir þakkir og hrós til stýrihópsins fyrir vel unnin störf. Sagði hann það vera trú sína að Háskóli Íslands gæti orðið enn öflugri sem samfélag og stofnun með stuðningi stjórnvalda.

Fulltrúi þverfræðilegs náms vakti máls á umgjörð framhaldsnáms og lýsti ánægju með að áformað væri að gera greiningu á meistaranáminu. Spurði hún hvort fyrir lægju viðmið um hvaða námsleiðir vilji væri til að styrkja og hvort jafnvel stæði til leggja niður námsleiðir.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar sagði að engin afstaða hefði verið tekin um mögulega forgangsröðun í framhaldsnámi, en fyrsta skrefið væri að kortleggja stöðuna. Þetta byggði m.a. á brýnum ábendingum í ytri úttektum. Mikilvægt væri að fræðasviðin og deildirnar

endurskoðuðu reglulega námsframboðið og spurt yrði hvort einstakar námsleiðir stæðu undir sér, væru of líkar öðrum námsleiðum, hvort fyrir hendi væri nægur mannafli til að standa undir námsleiðinni o.s.frv.

Rektor sagði að ekki væri unnt að halda úti ótakmörkuðu meistaranámi á öllum sviðum. Til að styrkja framhaldsnámið þyrfti einnig að horfa til samstarfs við aðra háskóla. Lykilatriði væri alltaf að vel væri búið að því námi sem við bjóðum.

Formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins spurði hvernig staðið yrði að fjármögnun nýju stefnunnar og sagði að erfitt yrði að efna hana að fullu nema fjármögnun Háskóla Íslands yrði sambærileg við það sem gerist við norræna samanburðarháskóla. Í þessu sambandi væri grunnfjármögnunin lykilatriði því hún gerði kleift að sækja fram til að afla aukinna sértekna.

Rektor sagði það vera eindregna stefnu Háskóla Íslands að fjármögnun yrði sambærileg við Norðurlöndin eigi síðar en 2025. Fjármögnunin hefði vissulega batnað og var OECD-meðaltalinu náð 2017. Verkefni okkar væri að halda áfram á þeirri braut að efla fjármögnun og styrkja starfið.

Forseti Menntavísindasviðs sagði það vera afar mikilvægt fyrir Háskóla Íslands að hafa öflugt verkfæri eins og nýju stefnuna fyrir næstu árin og að við þyrftum öll að huga að hlutverki okkar við að innleiða hana innan skólans. Innleiðing nýrrar stefnu væri mjög spennandi verkefni framundan!

Kjörinn fulltrúi Menntavísindasviðs ræddi fyrirhugaða stefnufulltrúa á fræðasviðunum og spurði hvort forsetar fræðasviða og deildarforsetar væru ekki nægilegt afl til að fylgja eftir nýrri stefnu og hvort innleiðing stefnufulltrúa gæti orðið til að auka miðstýringu innan skólans.

Rektor svaraði því til að með stefnufulltrúum væri ætlunin einmitt að tryggja að stefnan næði til alls starfsfólks, en ekki aðeins efsta stjórnendalags.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar sagði að forsetar fræðasviða bæru ábyrgð á innleiðingu á sviðunum svo ábyrgðin væri skýr. Stefnufulltrúunum væri ætlað að styðja innleiðinguna á fræðasviðunum. Þeir ættu ekki að gera allt sjálfir heldur að styðja við innleiðinguna og fjölga liðsmönnum.

Fulltrúi Þjóðminjasafns Íslands þakkaði fyrir vandaða og góða vinnu við mótun nýju stefnunnar og gagnlegar umræður á háskólaþingi.

Fleiri tóku ekki til máls. Að umræðu lokinni bar rektor upp svohljóðandi tillögu að bókun:

„Háskólaþing fjallaði í dag um drög að stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 sem undirbúin hafa verið af stýrihópi í víðtæku samráði innan og utan Háskólans. Málið var rætt ítarlega og komu fram gagnlegar ábendingar. Að umræðu lokinni bar rektor upp tillögu um að stýrihópnum verði falið að ganga frá lokadrögum að nýrri stefnu Háskóla Íslands sem verða lögð fyrir háskólaráð til afgreiðslu 3. júní nk. Þakkaði rektor stýrihópnum og öllum þeim sem að málinu komu fyrir vandaða og metnaðarfulla vinnu.“

Samþykkt samhljóða, enginn var á móti.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og Steinunnar Gestsdóttur, þau Ásthildur Margrét Otharsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Bjargey Anna Guðbrandsdóttir, Brynja Elisabeth Halldórsdóttir, Edda Rut Hlín Waage, Guðrún Nordal, Hrund Ólöf Andradóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Ingvar Þóroddsson, Jónína Ólafsdóttir Kárdal, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kristín Briem, Magnús Þór Torfason, Margrét Hallgrímsdóttir, Ragnhildur Ísaksdóttir og Stefán Hrafn Jónsson.

**Kl. 11.05-11.30**
**Dagskrárliður 3**
**Aurora-samstarfið**

Harpa Sif Arnarsdóttir, Friðrika Harðardóttir og Halldór Jónsson gerðu grein fyrir málinu.






























Að framsögu lokinni gaf rektor orðið laust. Nokkrir þingfulltrúar lýstu almennri ánægju með Aurora-samstarfið en tjáðu sig ekki efnislega um málið.

Rektor þakkaði þeim Hörpu, Friðriku og Halldóri fyrir kynninguna og sagði að öllum einingum skólans væri velkomið að fá nánari kynningu.

Fleira var ekki gert og sleit rektor háskólaþingi kl. 11.30.

**Útsend gögn fyrir 27. háskólaþing 25. maí 2021:**

1. Dagskrá og tímaáætlun þingsins.
2. Fundargerð 26. háskólaþings 13. nóvember 2020.
3. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.